



Endurskoðun Aðalskipulags Grundarfjarðar Samantekt af íbúafundi

Fundur haldinn 21. nóvember 2016



Ljósmyndir í samantektinni eru úr Ljósmyndasafni Bærings Cecilssonar, frá Alta og Björgu Ágústsdóttur.
Myndir á forsiðu er af eldri aðalskipulagsuppdráttum sveitarfélagsins.

Efnisyfirlit

1	Um íbúafundinn.....	1
2	Framtíðarsýn: Árið 2031	2
3	Staða og tækifæri	3
3.1	„Þetta góða“	3
3.2	„Það sem við höfum áhyggjur af“	4
3.3	„Það sem við ættum að laga – það sem er svo kjörið að stefna að“	5
4	„Gimsteinar Grundarfjarðar“	6
4.1	Náttúra og landslag	6
4.2	Sagan	7
4.3	Byggingar og mannvirki	8
5	Framtíðarsýn, meginstefna og markmið	9
5.1	Húsnæði	9
5.2	Auðlindir og atvinna	10
5.3	Menntun og skólar	12
5.4	Samfélagsþjónusta og grunnkerfi	12
5.5	Útivist og opin svæði	13
5.6	Menning og afþreying	14
6	Hvernig gerum við þessa framtíðarsýn að veruleika?	15

1 Um íbúafundinn

Í tengslum við vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Grundarfjarðar var haldinn opinn íbúafundur í Samkomuhúsinu þann 21. nóvember 2016.

Aðalskipulag er meginstjórn tæki sveitarstjórna; áætlun um þróun byggðarinnar. Þó uppbygging verði jafnvel hæg og sé að auki mishröð eftir svæðum, þá er mikilvægt að hafa skýra sýn á það hvernig uppbyggingin á að verða. Þannig nýtast betur tækifæri til æskilegra umbóta og fjárfestingar einkaaðila og sveitarfélagsins sjálfs verða markvissari.

Fundurinn var hluti af skipulagsvinnunni og er efniviður umræðna nýttur við mörkun stefnu aðalskipulagsins. Góð umræða var á fundinum um ýmis atriði sem varða daglegt líf og framtíðaruppbyggingu, en um 40 manns mættu á fundinn. Umræðan fór að hluta til fram í hópum sem gerðu grein fyrir niðurstöðum sínum í lok umræðna.

Hér er að finna samantekt úr umræðum fundarins, sem fram fóru að loknu ávarpi Þorsteins Steinssonar bæjarstjóra og kynningum Bjargar Ágústsdóttur og Herborgar Árnadóttur frá Alta. Kynningarnar má nálgast á vef skipulagsverkefnisins;

<http://www.skipulag.grundarfjordur.is/kynning-a-ibuafundi>



2 Framtíðarsýn: Árið 2031

Þátttakendur notuðu orð, eitt eða fleiri, til að lýsa sveitarfélaginu 15 ár fram í tímann, frá íbúafundi 2016. Samantekið birtist lýsing fyrir árið 2031 í þessa veru:

Grundarfjörður er stöndugur þjónustukjarni miðsvæðis á Snæfellsnesi, sem byggir einkum á sjávarútvegi og ferðaþjónustu, auk þess að vera menntasetur, með framhaldsskóla og góða aðra skóla. Þróunin hefur orðið sú að byggðin er vaxandi og börnum hefur fjölgað. Ágætt úrval íbúðarhúsnæðis er í sveitarfélaginu. Lífsgæðum íbúa má lýsa með orðum eins og fjölskylduvænt/barnvænt/íbúavænt samfélag; þ.e. samfélag sem hlúir að íbúum sínum. Einnig umhverfisvænt; umhverfi sem menntar og gleður, er friðsælt og snyrtilegt, aðlaðandi, gróðurrikt og vel skipulagt. Fjölbreytni er í atvinnutækifærum og menningu og þjónusta er góð; einkum heilbrigðisþjónusta, góður framhaldsskóli, dvalarkostir eldri borgara og aðstaða fyrir þá. Orka er ódýrari en hún var fyrir 15 árum.

Afstaða var ekki afgerandi til stærðar sveitarfélags eða þess hvort framtíðarsýnin fæli í sér að sameining sveitarfélaga hefði átt sér stað.



3 Staða og tækifæri

Spurningin var fjórskipt og tilgangur hennar var að draga fram mynd af stöðunni; í raun styrkleikum og veikleikum búsetu, samfélags, umhverfis o.fl., ógn sem að steðjar, en einnig tækifærunum sem við blasa. Ennfremur kemur spurningin inná atriði sem snúa að framtíðarsýn íbúa. Svörin eru tekin saman í þremur hlutum.

3.1 „Þetta góða“

***Hvað er það sem við erum við heppin að hafa eða búa við hér í Grundarfirði (í umhverfi, samfélagi, atvinnulífi)?
Hverju erum við stoltust af?***

Eftirfarandi kom fram:

Náttúrufégurð, fallegt umhverfi, fjallasýn og landslag svæðisins var efst á blaði. Nálægðin við náttúruna og tækifæri til útivistar fylgdu því. Ennfremur hve stutt væri í allt - þjónusta og annað innan seilingar í bænum - og góðar vegasamgöngur við svæðið.

Gott samfélag, samheldni og félagslíf kom einnig sterkt fram í svörum. Atvinnulíf og traust fyrirtæki sömuleiðis. Bæði var minnst á sjávarfang og nálægðina við fiskimiðin, fiskvinnslu og -markaði og góða höfn, og einnig var minnst á ferðaþjónustu. Skólarnir og menntunarmöguleikar, einkum fjölbrautaskólinn var mikið nefnt. Minnst var á grunnstöðir eins og Dvalarheimili, góða þjónustu við eldri borgara, heilsugæslu, matvöruverslun og fjölbreytta veitingastaði. Miðbær með tækifæri var nefndur og að opin svæði/útivistarsvæði sköpuðu fjölmörg spennandi tækifæri.



3.2 „Það sem við höfum áhyggjur af“

Þegar við hugsum um framtíð Grundarfjarðar – 10 til 20 ár fram í tímann – hverjar eru okkar helstu áhyggjur?

Eftirfarandi kom fram:

Þrennt olli mestum áhyggjum. Flestir höfðu áhyggjur af einsleitni starfa; að ekki væru nægilega fjölbreytt störf í boði, auk þess sem fólk hafði áhyggjur af þróun sjávarútvegsins til framtíðar (að missa kvótann). Í öðru lagi var fækkun ungs fólks og fólksfækkun almennt mikið nefnd; að ekki væri næg endurnýjun á ungu fólki. Í þriðja lagi var húsnæðisskortur títt nefndur og íbúðapörf (einkum minna húsnæðis) þar sem ekki væri lausn í sjónmáli.

Þar á eftir komu atriði eins og samdráttur í þjónustu/opinberri þjónustu sem veldur áhyggjum og heilbrigðisþjónusta/læknisþjónusta var sömuleiðis nefnd, löggæsla, sem og aðstaða fyrir eldri borgara og námsaðstaða fyrir háskólafólk. Orka og ódýrari kynding sömuleiðis. Að lokum var nefnt að „værukærð“ og þátttökuleysi ylli áhyggjum; að það viðhorf íbúa sé of ríkjandi að „hlutirnir gerist af sjálfu sér“.



3.3 „Það sem við ættum að laga – Það sem er svo kjörið að stefna að“

Þátttakendur voru beðnir að svara því sem helst kæmi uppí hugann um **það sem við „ættum að laga“**, þ.e. hvað fólki fyndist brýnast að bæta eða breyta, ef hugsað væri um byggð, atvinnu og samfélag. Auk þess settu þátttakendur niður á blað **hugmyndir um „það sem er svo kjörið að stefna að“, fyrir samfélagið/bæjarfélagið**. Nánar tiltekið er hugsunin hér; hver væru allra bestu eða árangursríkustu skrefin sem við gætum tekið, sem samfélag, ef við horfum nokkur misseri fram í tímann.

Svörin hér ríma að mestu leyti við það sem fólk hefur áhyggjur af.

Flestir töldu að ýta þyrfti undir atvinnustarfsemi og fjölbreytni starfa, laða ætti að tækni- og hátekjustörf, styðja við nýja starfsemi, sem og það sem fyrir er. Dæmi um það væri að versla í heimabyggð. Í því sambandi nefndu nokkrir ferðapjónustu sérstaklega; að efla ætti þjónustu við ferðafólk og marka sýn til framtíðar þar um.

Á eftir fjölbreytni í atvinnu komu margar ábendingar um að bæta þyrfti úr skorti á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði, einkum á minna húsnæði. Nefndar voru ástæður eins og að ekki væri nóg byggt, en einnig að það væri neikvæð þróun að svo mikið af íbúðarhúsnæði væri tekið undir ferðamenn. Ýta þyrfti undir byggingar, „leita leiða“ og nefnt var að „byggja saman“.

Ábendingar voru um þörf á ódýrari orku (til húshitunar); að hitaveita væri mjög mikilvæg og að stefna ætti að því að vera „samkeppnishæfari í orkumálum“.

Samheldni, samstaða, samvinna, áráðni og stuðningur (við það sem við höfum) sé nokkuð sem samfélagið ætti að stefna að, og taka vel á móti nýju fólki og nýjum tækifærum.

Stefna ætti að því að Grundarfjörður verði umhverfisvænn staður og hafa verndun og nýtingu í réttu hlutfalli. Gott skipulag gefi tækifæri til nýsköpunar og horfa þurfi markvisst fram í tímann með skipulag. Tækifæri felist í að byggja upp flottan miðbæ. Laga ætti sameiginleg svæði bæjarins (opnu svæðin), snyrta, nýta þau betur og gefa þeim skýrt hlutverk. Opin svæði gegndu mikilvægu hlutverki í útivist og til að efla heilsu fólks. Stefna ætti að því að markaðssetja okkur sem „heilbriggt“ samfélag, þ.e. þar sem unnið er markvisst að lýðheilsu markmiðum í samstarfi bæjar, fyrirtækja og íbúa. Ýta þurfi undir betri umhirðu/umgengni í bænum, ýta undir virkni íbúa og bæta samtal og upplýsingagjöf til íbúa (og sérstaklega til nýbúa), sem og að hafa aðgengilega kynningu á sveitarfélaginu og möguleikum þar. Göngu- og hjólastíga þyrfti að laga, gangstéttir sömuleiðis og að breikka þær. Samtengja ætti gatnakerfi fyrir hjóltreiddar, gangandi vegfarendur, bílaumferð og hjólastóla.



Þó nokkrar ábendingar voru um að bæta þyrfti opinbera þjónustu, einkum heilbrigðisþjónustu/læknisþjónustu, en líka löggæslu, sem hvoru tveggja er á hendi ríkisins. Aðstöðu fyrir háskólafolk og aðra nema þyrfti að koma á, og ábending um að styðja við FSN og unga fólkið og bæta menntunarmöguleika.

Stakar ábendingar komu fram, eins og t.d. um að stækka Dvalarheimilið, bæta þjónustu við aldraða, þrengja miðbæinn (þétta), laga leikskólann eða færa hann, byggja upp skólakjarna leik- og grunnskóla, og um að þétta aðstöðu fyrir skóla- og menningarstarfsemi, færa þjóðveg, gera frjálsíþróttavöllinn nothæfan, sameina íþróttastarf á Snæfellsnesi og verðlauna fólk fyrir barneignir.

4 „Gimsteinar Grundarfjarðar“

Þátttakendur voru beðnir að nefna svæði, landslagsheild, byggingu, götummynd eða náttúrufyrirbæri sem þeir töldu að hefði sérstakt gildi fyrir Grundfirðinga.

Það gat verið eitthvað sem þarf að vernda eða hlúa betur að, eða eitthvað sem tækifæri er til að nýta betur. Spurt var hvað þetta væri og hvað við ættum að gera fyrir það?

Hver þátttakandi mátti nefna fleiri en eitt atriði.

4.1 Náttúra og landslag

*Hvað varðar náttúru og landslag, sem gæta þyrfti að, þá nefndu flestir **Kirkjufellið** og nærliggjandi svæði - og þarf ekki að koma á óvart, enda er það einkennistákn Grundarfjarðar. Nefnt var að ásýnd Kirkjufells væri einstök, fjaran þyrfti að vera aðgengileg en að gönguleiðin upp á Fellið væri viðkvæm og þyrfti að vernda.*

***Helgrindur** voru einnig nefndar og **Grundarkampur** og **Öndverðareyri** vegna merkilegrar sögu sem þyrfti að setja fram og segja. Laga þyrfti aðgengi að Öndverðareyri.*

***Þríhyrninginn** taldi fundarfólk að ætti að vernda, þar mætti setja upp „söguhring á skiltum og skúlptúrum“ og/eða nýta sem útikenningarlustofu.*

*Ábending kom fram um að **Grundarfoss**, sem vatnsverndarsvæði og mögulegur áfangastaður, verði „meira og meira heitur staður“ og að mikilvægt væri að stýra nýtingu svæðisins og umgengni. **Kolgrafafjörð** nefndi einhver, **Hellnafells-svæðið**, **miðbæjarsvæðið** og **Grundarfjarðarkirkju**. Efla þyrfti skógrækt og efla skógræktarsvæði til útivistar, ganga varlega um náttúruna en nýta samt til góðra hluta.*



4.2 Sagan

pátttakendur minntust á sögu sem þyrfti að draga fram og segja; byggðasögu Eyrarsveitar og sögu fólksins sjálfs, frumbyggjanna sem byggðu þorpið og útgerðarsögu byggðarinnar væri mikilvægt að setja fram. Eyrbyggjasaga hefði jafnframt klárlega gildi og saga Frakka á Grundarkampi, sem væri nærtækur eða aðgengilegur staður fyrir slíkt.

Jafnframt kom fram að sögu Grundarfjarðar þyrfti að segja á opinberum skiltum og með því að nýta kennileiti.



4.3 Byggingar og mannvirki

Þegar kom að húsum sem hefðu gildi fyrir Grundarfjörð, burtséð frá eignarhaldi þeirra, þá nefndu flestir **gamla Kaupfélagshúsið** (húsin) við Nesveg, sem væri fallega hannað upphaflega, vel staðsett og með stóra lóð. Fólk taldi verðmæti í því fólgin fyrir samfélagið að húsið yrði endurbætt eða endurbyggt í upphaflegum stíl og að falleg hönnun og saga hússins yrðu nýtt. Hvað varðar not þess, þá komu fram hugmyndir um að búa mætti til minni einingar fyrir fjölbreytta starfsemi í húsinu, nýta það sem samkomustað með góðum garði, fyrir þjónustu t.d. við ferðamenn, sem veitinga- og/eða kaffihús með útsýni yfir höfnina, og/eða upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Hugmyndir komu einnig fram um að byggja mætti ofaná það og hafa þar íbúðir á efri hæðinni, þó með því að halda upprunalegu útliti eins og hægt væri.

Samkomuhúsið var sömuleiðis nefnt; að það þyrfti að laga, bæta og nýta betur - núverandi not þess og aðstaða væri barn síns tíma.

Gamla húsið á Setbergi (prestsbústaður) var nefnt.

Einnig var minnst á að að gamli **hjallurinn** við Nesveg væri verðmætur; eini eða einn fárra hjalla sem eftir stæðu, hann þyrfti að vernda.

Nefnt var að rífa ætti brunnið hús við Grundargötu.



5 Framtíðarsýn, meginstefna og markmið

Leitað var eftir framtíðarsýn í atvinnu-, samfélags- og umhverfismálum
- í þeim tilgangi að styrkja byggðina.

Spurningar voru lagðar fyrir hópana

Spurningar voru undir þessum yfirskriftum - og fundarfólki skipt í hópa, sem ræddu:

1. **Fjölskylduvænn bær**
2. **Drífandi dreifbýli** - búseta, atvinna og þjónusta
3. **Mögnuð menning** - samfélag, menning og þjónusta
4. **Nærandi umhverfi** - náttúra, lýðheilsa og útivist
5. **Auðlindir og atvinna**

Allir hóparnir ræddu atriði sem sneru að:

- a. Samfélagi
- b. Umhverfi
- c. Atvinnu

Spurningarnar sneru bæði að almennum atriðum varðandi byggðina og staðbundnum atriðum, þ.e.a.s. þannig að spurt var **hvar** eitthvað ætti að vera eða ekki vera. Nánar tiltekið þá var spurt:

- *Hvað viljum við hafa?*
- *Hvar á það að vera eða ekki vera?*
- *Hvernig gerum við?*

Samantekin eru svör allra hópanna, flokkuð upp eftir þeim atriðum sem helst bar á góma.

Það athugist að öll atriðin eru listuð upp og látin halda sér eins og þau komu fram í svörum fundarfólks.

Að auki var hluti vinnunnar færður inná uppdrátt af byggðinni sem unnið verður úr.

5.1 Húsnæði

- Nýbyggingar: Vantar minna húsnæði fyrir ungt fólk og eldra fólk sem vill minnka við sig
- Húsnæðismál fyrir ungt fólk og eldri borgara og nýbúa
- Aukið húsnæði – minna húsnæði – minni íbúðir – lágreist!
- Skattaafsláttur fyrir nýbyggingar
- Húsnæði í leigu fyrir útlendinga => Betri lög og reglur



5.2 Auðlindir og atvinna

- Nýta og vernda þær auðlindir sem við höfum og stuðla að uppbyggingu þeirra
 - Hafa í huga að vernda jafnt og nýta þegar um náttúruna er að ræða
 - Náttúra okkar er seld í dag en við sem samfélag njótum ekki afrakstursins (þurfum að fá peninga úr sölu af Grundarfirði sem áfangastaðar ferðamanna, heim í hérað)
 - Vanda okkur í skipulagsmálum; skipuleggja þannig að náttúran beri ekki skaða af, gæta að umgengni um svæði
 - Skipulag; þarfir atvinnulífs: Mikilvægast að þrengja ekki að atvinnulífi (þróunarmöguleikar og aðgengi að því)
 - Fjölbreyttara atvinnulíf/atvinnuuppbyggingu - nýsköpun - sprotafyrirtæki
 - Að hafa atvinnu óháð aldri, að fá tækifæri til að vinna við eða geta notað menntun sína í heimabyggð
 - Meiri opinber þjónusta / Þjónustustörf -> vinna til baka glötuð þjónustustörf (lögregla, lækknir) og efla, bæta við
 - Nýsköpun kallar á húsnaði
 - Allur iðnaður verði á iðnaðarsvæði austast í bænum
 - Hafnsækin starfsemi á hafnarsvæði
 - Færa þungavinnuiðnað frá Framnesi
 - Halda áfram að byggja upp Framnesið með blandi af iðn- og ferðaþjónustu
 - Vanda okkur með uppbyggingu á Framnesi
 - Nýta iðnaðarhúsnaði til fjölbreyttara atvinnulífs
 - Færsla á Björgunarsveitarhúsi inn á iðnaðarsvæði
 - Bærinn hafi yfirsýn yfir t.d. hvaða atvinnuhúsnaði er í boði
 - Tenging fiskvinnslu við minni matvælaframleiðslu - möguleikar
 - Heitt vatn = fleiri atvinnutækifæri
 - Göng frá Grundarbotni í Staðarsveit - heitt vatn til baka
 - Upplýsa fólk um atvinnuráðgjafann
-
- **Sjávarútvegur sérstaklega**
 - Auknar fiskveiðiheimildir
 - Helstu áhyggjur: Að tapa aflaheimildum
 - Fullnýta sjávarafurðir, nýta allt -> hátæknavinnsla, t.d. ensím / Helstu tækifæri til þróunar felist í að fullnýta allar sjávarafurðir heima
 - Bætt hafnaraðstaða -> fjölbreytt sjávarútvegsfyrirtæki
 - Frjálssar handfæraveiðar. Mörg störf skapast fyrir unga og gamla trillukarla.



- **Ferðapjónusta sérstaklega**
 - Efla ferðapjónustu, fjölga þeim störfum -> Gæðavarsla mikilvæg
 - Mikilvægast er stjórnun á ferðamannaflæðinu -> gjaldtöku -> finna fleiri áningarstaði í nágrenninu -> auglýsa vel og hugsa vel um
 - Sérhæfð þjónusta á ýmsum sviðum
 - Afurðir sauðfjár
 - Afurðir kúabús
 - Skreiðarhjallar
 - Kaffihús
 - Smásöfn - sýningar
 - Hestar - reiðtygi
 - Rafmagn í jörðu - netþjónusta - samgöngur
 - Helstu áhyggjur: Gæta að því að íbúar upplifi ekki átroðning
 - Heilsárs"tjaldsvæði" fyrir campers
 - Gæta að því að það verði næg bílastæði við alla ferðamannastaði og við þjónustuhús
 - Grafa upp og búa til áningarstaði með sögulegum upplýsingum
 - Áningarstaður í Hamrahlíð - færir vestur fyrir veginn

- **Landbúnaður sérstaklega og matvælaframleiðsla**
 - Matur úr héraði
 - Mikilvægt að afurðir fáið í heimabyggð
 - Útbúa eldhús þar sem hægt er að leigja sig inn til matvælaframleiðslu



5.3 Menntun og skólar

- Hlúa að skólum bæjarins
- Flytja leikskólann / Færa leikskólann upp í grunnskóla
- Háskólasetur - í samstarfi við háskólana
- Menntasetur fyrir þau sem eru í námi - bærinn bjóði uppá stað - þar verði:
 - Internetaðgangur - fjarfundabúnaður?
 - Lesrými
 - Hópaðstaða
 - 2 herbergi + wc + kaffi
- Tengja menntun og atvinnulíf

5.4 Samfélagsþjónusta og grunnkerfi

- Fjölbreyttari heilbrigðisþjónusta í bæinn
 - Sama lækni allt árið / Heilsugæslulækni á staðnum og að það sé alltaf sá sami, einhver sem maður treystir
 - Sjúkraþjálfari
 - Tannlæknir á staðnum
 - Geðhjálp
- Stækkun dvalarheimilisins er mjög brýn
- Löggæsla á staðnum ALLTAF!
 - Sýnileg löggæsla
- Almenningsamgöngur á milli bæjarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi
- Rafmagn í jörðu - netþjónusta - samgöngur (forsenda í atvinnumálum)
 - Sjónmengun - rafmagnsstaurar
- Girða vel af vatnsverndarsvæði
- Útisalerni og snyrtiaðstaða fyrir gesti og gangandi
- Vindmyllugarð í fjörðinn



5.5 Útivist og opin svæði

- Hafa í huga að vernda jafnt og nýta þegar um náttúruna er að ræða
- Göngu-, hjóla-, hlaupastígar umhverfis bæinn
- Göngustígar meðfram strandlínunni / Göngustíg eins og á Eyrarbakka, fjöruna frá Framnesi að Hellnafelli
- Gönguleiðir í nágrenni Grundarfjarðar verði meira áberandi - MERKJA!
- Vandaðar gönguleiðir - Hellnafellskúlur og Gilið, útivist
- Laga gangbrautir
- Klára Framsveitarvegin
- Fjöllin og fossarnir laða að ferðamenn; ath. að nýta og vernda. Finna nokkra staði úr Eyrbyggju.
- Skógrækt og gróður sérstaklega:
 - Hafa yfirumsjón með hvar og hvernig trjám er plantað (til framtíðar)
 - Auka gróður -> í formi skjólveggja - út um allt
 - Skjólbelti meðfram trjám sunnan við bæinn
 - Trjárækt og skynsamleg og skemmtileg nýting hennar. Af hverju?
 1. Grundarfjörður er ákaflega dýrt KALT svæði. Skógur í allskonar myndum - skjólbelti - lundur eða bara skógur getur minnkað hitakostað um 30-40%.
 2. Skógur er góður til yndis og gleði, og til kennslu og fræðslu.
 3. Skógur er atvinnuskapandi frá byrjun og gefur af sér afurðir í mörgum myndum þegar fram í dregur.
 - Hægt er að rækta skóg (tré) í kringum bæinn en gæta verður að svæðum með sérstöðu. Best að fá skógfræðing til að skipuleggja; gera ráð fyrir göngustígum og sérkennum landsins frá upphafi.
 - Samantekið: Skapar atvinnu strax - Skapar skjól og yndi - Fegrar og menntar - Eykur möguleika þeirra sem vilja vinna úr tré í ýmsum myndum bæði stórt og smátt
- Náttúruleg leiktæki, útivistarsvæði
- Laga útivistarsvæðið við grunnskólann
- Útinámssvæði fyrir skólana í Þríhyrningi/Vernda Þríhyrninginn/Byggja í Þríhyrningi
- Sundlaug - útivist – sé opin allt árið, varmaskiptir, byggja yfir?
- Öflugt skíðasvæði
- Laga frjálsíþróttavöllinn
- Jaðaríþróttir
 - Bogfímivöll þar sem spennistöðin er
 - Adrenalínagarður
 - Úti Lazertag
 - Klifurturn
- Skemmtibátahöfn fyrir hjólabáta og þess háttar í Kvíabryggjuós
- Kláfa upp á Helgrindur
- Útivistarsvæði fyrir hunda
- Nýjar jólaskeytingar á ljósastaurana

TEIKNAD INN Á UPPDRÁTT AF SVEITARFÉLAGINU:

- Gönguleið teiknuð frá öllu Framnesi og vestur úr, að Kirkjufellsfossi
- Vegur teiknaður upp frá hesthúsahverfi og að skíðasvæði á nýjum stað, sunnar en nú er
- Færa áningarstað við Hamrahíð yfir veginn
- Auka aðgengi að Hallbjarnareyri - Eyrarodda (hverfisverndað svæði); sögutengt
- Áningarstaðir merktir við Grundarfoss og innst í Kolgrafarfirði (nokkuð vítt)
- Baðströnd fyrir neðan Berserkseyri, austar en Berserkseyraroddinn þar sem heita vatnið er



5.6 Menning og afþreying

- Aukin afþreying, fyrir alla aldurshópa, menning + listir
- Félagsmiðstöð fyrir 14-22 ára
- Sagan og landslag eru menningarverðmæti sem ekki má skemma
 - Söguna þarf að skrá
 - Sögu Grundarfjarðar væri gaman að sýna á skiltum og kennileitin allt í kring
 - Saga fólksins / saga frumbyggja í sveitarfélaginu – draga fram
- Gömlu húsin í bænum eru verðmæt
- Samkomuhúsið gert upp/endurbætt og nýtt betur fyrir félagsstarf
- Samkomuhúsið -> Hver er stefna hússins?
 - Betri nýting
 - Til hvers er það?
 - Endurbætur?
 - Áfram fjölnota hús?
- Gamla Kaupfélagshúsið ætti að gera upp
- Sögugarður Grundarkampi
- Til að vernda sögu þyrfti að safna saman fundargerðarbókum úr félögum sem hafa komið og farið
- Söknum Northern Wave



6 Hvernig gerum við þessa framtíðarsýn að veruleika?

- Virkja íbúana til samstöðu og samvinnu
- Með samfélagsstuðningi
- Setja upp fjölskylduvænni stefnu fyrir bæinn
- Yngja samfélagið – laða ungt fólk heim, m.a. með því að:
 - Gera meira fyrir barnafjölskyldur
 - Hafa ódýrari leikskóla
- Hvatning til fólks að eiga börn! -> í formi umbunar - gera foreldrum kleift að vera lengur heima með börnin sín eftir að fæðingarorlofi lýkur
- Við þurfum að tryggja gott aðgengi að:
 - Orku
 - Internettengingu
 - Heitu vatni
 - Rafmagni
 - Vind- og vatnsorku
- Háskólasetur/Háskólanám í heimabæ -> samstarf við háskólana
- Fá erlendu íbúana meira inn í samfélagið; kynna fyrir þeim ýmsa starfsemi bæjarins
- Kaupa þjónustu og aðföng í heimabyggð
- Mikilvægt að geta keypt afurðir úr Grundarfirði/Snæfellsnesi (landbúnaðar, sjávarútvegs) í heimabyggðinni
- Auglýsa okkur sem íbúabæ - ekki túristabæ
- Huglægar hugmyndir og störf er hægt að vinna á netinu
- Styrkja foreldrafélög til aukinnar ábyrgðar
- Sameina íþróttastarf á Nesinu
- Íbúðarhúsnæði fylgi kennarastarfinu
- Hærri laun fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara -> jafnvel í formi íbúðarhlunninda
- Hanna "app" sem rukkar alla sem nota myndir af Kirkjufellinu og fossinum
- Auðlindarenta skiptist þannig að allir njóti; verði sanngjörn og nýtist þjóðinni til að byggja upp innviði





